This is a digital copy of a book that was preserved for generations on library shelves before it was carefully scanned by Google as part of a project to make the world's books discoverable online.

It has survived long enough for the copyright to expire and the book to enter the public domain. A public domain book is one that was never subject to copyright or whose legal copyright term has expired. Whether a book is in the public domain may vary country to country. Public domain books are our gateways to the past, representing a wealth of history, culture and knowledge that's often difficult to discover.

Marks, notations and other marginalia present in the original volume will appear in this file - a reminder of this book's long journey from the publisher to a library and finally to you.

Usage guidelines

Google is proud to partner with libraries to digitize public domain materials and make them widely accessible. Public domain books belong to the public and we are merely their custodians. Nevertheless, this work is expensive, so in order to keep providing this resource, we have taken steps to prevent abuse by commercial parties, including placing technical restrictions on automated querying.

We also ask that you:

+ *Make non-commercial use of the files* We designed Google Book Search for use by individuals, and we request that you use these files for personal, non-commercial purposes.

+ *Refrain from automated querying* Do not send automated queries of any sort to Google's system: If you are conducting research on machine translation, optical character recognition or other areas where access to a large amount of text is helpful, please contact us. We encourage the use of public domain materials for these purposes and may be able to help.

+ *Maintain attribution* The Google "watermark" you see on each file is essential for informing people about this project and helping them find additional materials through Google Book Search. Please do not remove it.

+ *Keep it legal* Whatever your use, remember that you are responsible for ensuring that what you are doing is legal. Do not assume that just because we believe a book is in the public domain for users in the United States, that the work is also in the public domain for users in other countries. Whether a book is still in copyright varies from country to country, and we can't offer guidance on whether any specific use of any specific book is allowed. Please do not assume that a book's appearance in Google Book Search means it can be used in any manner anywhere in the world. Copyright infringement liability can be quite severe.

About Google Book Search

Google's mission is to organize the world's information and to make it universally accessible and useful. Google Book Search helps readers discover the world's books while helping authors and publishers reach new audiences. You can search through the full text of this book on the web at `http://books.google.com/`

Scan
5726
601.100

G. Gunnarsson

Móðurminning

WIDENER
HN URCI +

Scan 5726.601.100

Gunnar Gunnarsson:

Móður-minning.

MÓÐUR-MINNING.

Gunnar Gunnarsson:

MÓÐUR-MINNING.

NOKKUR KVÆÐI.

AKUREYRI.
PRENTAÐ HJÁ ODDI BJÖRNSSYNI.
1906.

Scan 5726.601.100

HARVARD COLLEGE LIBRARY
IN MEMORY OF
WILLIAM HENRY SCHOFIELD
APRIL 6, 1931

Eg var mjög ungur, þá eg mömmu missti,
en man þó enn, hve sár var harmurinn,
og hvað eg grét, er síðsta sinn eg kyssti
og sá og kvaddi lífsins engil minn.

Þá var hún dáin—lá sem lík á börum—
og lengi grét eg harmsollnar með brár,
en þáði engan ástarkoss af vörum
og engin móðurhönd mín þerrði tár.

Og enn eg græt, ef eg á mömmu minnist,
því mín er ekki enn þá hörðnuð lund,
og mest er sem mér fróun í því finnist,
að fá að vona sálna endurfund.

18. maí 1906.

G. G.



I.

Í mjúkum aptansvala
eg fer um grænan bala,
roðnandi rósin dala
ruggar í næturkala.
Allt er svo undrahljótt.

Hugurinn hratt um flýgur,
himins um brautir smýgur;
hefur sig hátt og hnígur,
harðara' en örninn stígur,
sumars um svása nótt.

Vakandi vors í draumi,
veraldar langt frá glaumi
og lífsins stríðum straumi,
stend eg, hinn veiki, aumi,
aleinn og allt er hljótt.

Kveð um þig, kæra móðir,
kvaka ei fuglar góðir,
allir þeir hlusta hljóðir,
hægir um loptsins slóðir,
svífa og sumir skjótt;

hlusta á harmaóminn,
og hryggðar dapra róminn;
andvarinn hægur hljóminn
hleypur með yfir blómin,
suðar svo sætt og rótt.

Um hana hugsa' eg líka,
svo hreina, friðleiks-ríka;
eg sá ei aðra slíka,
indæla, guðum líka.
Hugurinn flýgur fljótt.

Um liðnu æfiárin
öll ýfast djúpu sárin,
enn hníga harmatárin,
heggur enn sorgar-ljárinn.
Mig skortir þrek og þrótt.

Ljúfi fugl, lát mig heyra
ljóðanna þinna gnótt.
Ei kann eg yrkja meira—
en eg vil vaka' í nótt.

II.

Vetrar á ströngum
vökum löngum
vörn í móðurörmum fékk eg hafa;
þá hríðvindur
þaut um blindur,
þá var hún að kenna mér að stafa.

—Djúpt í foldu,
dimmri' í moldu,
dýra móðir, ertu; sorg mig brennir.
Heiptarþrunginn,
höggormsslunginn
heimurinn mér stafróf sitt nú kennir.

III.

Vorið komið var með friðinn,
vatnaniðinn,
fuglakliðinn.

Blómin fóru brátt að gróa,
blika' um móa,
hlíðar, flóa.

Léttir fuglar léku' um grundu,
ljúft sér undu
um morgunstundu.

Sólin skæra skein um daginn,
skrýddi bæinn,
þýddi snæinn.

Út í brekku einn þá gekk eg,
blómin þekki' eg,
þar mér fékk eg

fyrsta væra vorsins blundinn,
viður lundinn,
blómum undinn.

Svaf eg þarna sætt og lengi,
sá eg engi
og blómstur vengi

líða hjá í ljúfum draumi,
með lindastraumi,
fuglaglaumi.

Mín var leitað vítt um vengi,
vissi engi
það af mengi,

hvar eg mundi kominn niður,
kölluðu viður
hraun og skriður.

Vaknaði eg við að sólin
vék í skjólin
bak við hólinn.

IV.

Heim eg gekk og hrifinn var í huga,
hrifinn æskuvors af fögrum draumi;
vissi ekki' að ljótur ormur leynist
lífsins sérhverjum í töfrastraumi.

Mamma heima mikið hafði grátið,
mikið harmað litla, týnda soninn.
Hafði fundist fegurð lífsins hverfa,
fundist slokkna sérhver bjarta vonin,
sem hún hafði fest við litla soninn.

Farnir voru flestallir að sofa,
í faðminn tók mig mamma út á hlaði.
Tárin hrundu, títt hún andvarpaði,
tregaekki brauzt í þungum harmi.
„Gjörðu þetta aldrei, aldrei aptur,
elsku barn!“ því stundi' hún upp að lokum.
„Gakktu aldrei optar einn frá bænum,
annars dey eg máske af sorg og kvíða.“

Þungt mér þótti, en því eg varð að lofa,
þreyttur hallaðist að móðurbarmi.
Fannst sem mér þar friður væri skaptur
og fá eg aldrei betra hæli mundi,
einu sinni ei hjá blómum vænum,
þars lífið annars léttast fannst mér líða.

V.

Opt þegar sólin í austrinu skein
og andvarinn leið yfir grundu
og daggperlur glitrandi, ein og ein,
af angandi blómunum hrundu;
og fuglarnir léku sér hól af hól
og hljómfögur vorkvæði sungu,
og fiðrildin reyndu að finna sér skjól
og fæðu hjá blómunum ungu,

þá gengum við mammą mín hlíð úr hlíð
og hlýddum á smáfuglakliðinn
og ljóðmálin þeirra, svo lipur og þýð,
um lífið og árdegisfriðinn,
og horfðum á blómin svo blikandi rjóð,
og bláspegil lækjarins tæra,
og snæþöktu fjallanna glampandi glóð,
og geislaskrúð bláhvelsins skæra.

Þá sagði' hún mér ætíð um englana smá,
um alföðurs mildi og gæzku,

um engla, sem léku sér ljósöldum á
svo lausir við allskonar græsku,
um engla, sem burtþerrðu barnanna tár,
sem bágt ættu jarðar í dölum;
um engla, sem læknuðu öll okkar sár
í eilífum ljósanna sölum.

Og víst var það satt, sem hún sagði mér þá,
það sé eg æ betur og betur,
þó vorið sé horfið með broshýra brá
og blómskrúð, og kominn sé vetur,
vetur í hjarta og vetur í sál,
vetur á sumrinu blíða,
englarnir koma með elskunnar bál
og ísinn frá hjartanu þíða.

Þótt komi þeir, ef til vill, alls ekki fljótt,
já, alls ekki þessu í lífi;
þótt enn hljóti' eg lifa marga' andvökunótt
í allskonar mæðu og kífi,
þá koma þeir—um það eg efast ei neitt—
eitt sinn og farginu lypta,
og glaðan mig gjöra og hjartablóð heitt,
og hörmum við alsælu skipta.

En alsæla verður það aðeins þá fyrst,
er allt þetta jarðneska gleymist,

og síðustu minningar sál hefur kysst,
og sorgin er horfin og gleymist,
því, veröld, eg má ekki minnast þín,
en, móðir! þig verð eg að þekkja,
annars er engin til alsælan mín,
annars mig vonirnar blekkja.

Því alsæll ei verð eg, ef vonbrigðin mín
vaka mér sífelt í huga
og draga mig niður í djúpið til sín
og djörfustu mótstöðu buga.
Eg veit eg er vondur, en góður er guð,
sem grimmum úr fjötrum oss leysti,
og víst er mér alsæla óverðskulduð,
en algæzku hans samt eg treysti.

VI.

Mig dreymdi eitt sinn engla, dýrð og skraut,
og drauminn eg mömmu sagði.
Hún hendur um háls á mér lagði,
og hýrlega brosti, en társtraumur flaut
af augum, og hvíslaði að mér lágt:
„Englunum Drottins þú líkjast átt!
litlu guðs börnunum blíðu!“
Það vildi eg gjöra, móðir mín,
því mér eru heilög orðin þín,
og eg skal þeim hlýða unz æfin dvín,
ætíð, í ljúfu sem stríðu.

VII.

Eg vaknaði af værum blundi
við að pabbi til mín gekk.
Bráin hans var breytt og grátin.
„Barn mitt! móðir þín er látin!“
Með þurrum hvörmum þungt eg stundi,
því eg ekki grátið fékk.

VIII.

Æ, æ, móðir! Ertu dáin?!—
Ó, eg stings í hjarta kenni!
sem eldheitt blóð um æðar renni!
Ertu, mamma, dáin?—Dáin!
—Sem óstjórnlegur eldur brenni!
Að eilífu er lokuð bráin!
Brúnaljós sem brosti mér,
brostið er!—
Höndin kæra köld og stirð,
sem kærleiksfaðm mér bjó!—
Hvar fæ eg nú frið og huggun
fyrst hún mamma dó?

IX.

Hún mamma er dáin—dáin!
dauðanum helgað viðmót blítt,
fölnuð og brostin bráin!
brosið er horfið milt og þýtt! —

Nú huggar mig — huggar mig engi —
hjálparlaus geng eg lífsins veg.
Eg syrgi þig—syrgi þig lengi,
syrgi þig meðan lifi eg!

X.

Hvert ertu farin, kærasta móðir?
Kemurðu' aldrei til baka?
Dugar ekkert Drottinn að lofa?
Dugar ekkert að biðja og vaka?
Vill ei dauðinn vægð neina sýna?
Vill hann engu til slaka?

Hvar skal leita þín, kærasta móðir?
Hvort í stjarnanna höllum?
Eða þar sem að laufum lék eg
mér á ljúflinga stöðunum öllum?
Eða, móðir, er þig að finna
á Edens blómskrýddu völlum?—

XI.

— Hún hafði skrifað: Ei eg elska þig!
sú ástmey, sem frá barnæsku eg unni.
Sem sverðstunga það svar fór gegnum mig,
og svölun ei mér dugði' úr tárabrunni.

Eg þurfti' að finna minnar móður gröf
um miðja nótt og gráta út hjá henni.
Það eg fann að þoldi enga töf,
eg þurfti' að væta daggarúða enni.

Út eg gekk;
allt var hljótt,
hægt og rótt
hausts um nótt,
heilög grúfði yfir kyrð.

Bjóst eg skjótt,
fák mér fékk,
fór svo hratt um dal og byggð.
—Engin ljóð,
ekkert hljóð,
alnáttúran virtist máli fyrrð.

XII.

Við gröfina hennar eg grét svo lengi,
grét, meðan átti eg nokkur tár.
Fannst sem eg huggun og frið við það fengi,
fann þó að blæddu mín hjartasár.

Mér sýndist hún koma með brosið bjarta
og blíðlega vefja mig sér að hjarta.
Mér heyrðist hún segja:
„Blessaða barn!
bráðum færðu að deyja!“
—Svo horfði hún inn í mitt auga,
og örlítið tár sá eg kinnina lauga,
svo hvíslaði' hún að mér svo undur hljótt,
það aðeins eg heyrði' og hin þögula nótt:
Sonur minn!—Sonur minn eiginn,
svikult og hált er lífsins hjarn;
varastu breiða veginn!“ —
En fæ eg þá móðir að fara til þín
og finna þig hinum megin?

XIII.

Blómin fölna,
blikna engi.
Bráðum sölna
fögur vengi.

Ljúfir vindar léku' um hlíðar,
laufi skrýddar, undra fríðar.
Fagrar rósir, fjólur blíðar
flykktust þar um brekkur víðar.

Bráðum koma hret og hríðir,
hylur snjórinn grös og víðir.
Ekkert blómið balann prýðir,
burtu eru sumartíðir.

Leggst brátt snjór um láðið víða,
lykur fjólan sér með kvíða.
Ætli' hún þurfi útaf líða?
Ætli' hún fái morguns bíða?

Fljótt á burtu fuglinn líður.
Flugan í sitt bæli skríður.
Foldar bleika sárið svíður,
senn fer á í klaka slíður.

Úr mínu hjarta vorið víkur,
vetur leggst þar frostaríkur.—

Húmið hljóða
hjarta vefur!
— Lítt skal ljóða —
Lofn hún sefur.

XIV.

Glampar á
gullin sjá,
glitrar döggin blómum á.
Fugl sá hver,
fleygur er,
farinn er að leika sér.
Samt eg má
sitja hjá
svásri dýrð með tár á brá.
Angur mér
aðeins er
í þér blóma- og fuglaher.

XV.

Blómkransar blika rjóðir
balanum á.
Ó, móðir, elsku móðir,
hvar ertu þá?

Sólin er sendir glóðir
suðrinu frá.
Ó, móðir, elsku móðir,
hvar ertu þá?

Svanirnir sitja hljóðir
seftjörnum á.
Ó, móðir, elsku móðir,
hvar ertu þá.

Hugur um huldar slóðir,
hyggst þér að ná.
Ó, móðir, elsku móðir,
hvar ertu þá?

XVI.

Andvari, heyrðu eg ákalla þig,
æ, heyrðu mig!
Æ, heyrðu mig!
andartak, örlitla stund,
aðeins á meðan eg rétti þér mund.

Blessaði blær,
blíður og kær,
hvert ertu' að fara? — Æ, komdu mér nær;
hvíslaðu að mér kveðju frá henni
kæru mömmu, sem er mér svo fjær —
kældu mitt brennheita enni.

Komdu með armlögin blíðu og baðandi,
blessaða faðminn þinn, hressandi, laðandi;
þrýstu kossi á þreyttar brár,
þerrðu burt saknaðartár.

Svalaðu sál—
syngdu þín ljóð,
saklaus og góð,
syngdu, eg skil þitt huliðsmál. —

Æ, ferðu burt?—
Ó, segðu hvurt!
Ef að þú færð mína móður upp spurt,
hvíslaðu að henni kveðju frá mér,
hvar sem hún er.

Leitaðu' í heilögum himna sölum,
horfðu' eptir henni á Edens bölum.
Berðu' henni kveðju og kærleiksmál,
hvar sem hún er,
berðu' henni kveðju frá barnsins sál.

Í þessum litla liljulund,
ljúfan eg festa vil blund.
Birtstu mér blíðeyga sprund,
birtstu mér silkihrund,
í langþreyðum líðandi draumi,
lyptu mér burtu frá heimsins glaumi,
lypt mér frá lastanna straumi,
í lífsælum draumsendurfund.

XVII.

Ó, hjartkæra móðir, hve huga minn
hjá þér að dvelja fýsir.
Eg hugsa' um þig vakandi sérhvert sinn,
þig sjá fær í draumunum andi minn,
og minning þín leið mér lýsir.

Ósén þú dvelur mér ætíð hjá
öllum á raunastundum,
og þegar harmarnir hugann þjá,
hjartanu blæðir, og vot er brá,
þá stillirðu straum úr undum.

Eg trúi því—veit það—og vissan sú,
vonirnar aptur glæðir:
Að ofar sólinni ertu nú—
þar einnig vona' eg að hljóta bú,
er lífsund ei lengur blæðir.

Og þó að eg hér minn angursóð
endi að þessu sinni,
þá skal eg framvegis laga ljóð
um lífs míns engil: þig, móðir góð,
það tamast er tungu minni.